

**Sb.**

## **287. Tillaga til þingsályktunar**

um undirbúning að söltun og niðursuðu síldar í stórum stíl fyrir Evrópumarkað.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Steingrímur Aðalsteinsson,  
Þóroddur Guðmundsson.

Alþingi ályktar að kjósa með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi 5 manna nefnd, er annist eftirfarandi verkefni á sviði síldarmála:

1. Rannsaka innan lands og utan, hvort möguleikar væru á að salta hér á landi næsta sumar helzt alla söltunarhæfa síld, sem veiðist hér, jafnvel þótt það skipti hundruðum þúsunda tunna.
2. Gera, ef jákvæð niðurstaða fæst af þessari rannsókn, ráðstafanir til þess að afla utan lands frá, helzt í samvinnu við hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða, eftirfarandi:
  - a. Tæki til að framleiða síldartunnur og efni til að vinna þær úr.
  - b. Vélar í niðursuðuverksmiðjur, er unnið gætu úr 1—2000 tunnnum síldar á dag.
  - c. Vélar til þess að vinna blikkdósir og hagnýta gamalt járn og blikk til slíkrar framleiðslu.
  - d. Efni til þess að byggja úr verksmiðjur, kælihús og annað, sem til rekstrarins þarf.
3. Gera samtímis ráðstafanir til þess, að tafarlaust væri hægt að fara að vinna að því að reisa þessi fyrirtæki, þegar efni og vélar væru til, og einbeita til þess vinnukrafti landsmanna, svo að skilyrði verði til umræddrar hagnýtingar síldveiðinnar sumarið 1944.
4. Athuga, hvaða rekstrarfyrirkomulag væri heppilegast á framkvæmdum sem þessum og hverjar tryggingar Íslendingar gætu fengið frá hinni alþjóðlegu hjálparstofnun við að skipuleggja svo stórfellda og að vissu leyti áhættusama matarframleiðslu.

Nefndin skal, strax og útlit er fyrir, að um framkvæmdir geti verið að ræða á þessu sviði, útbúa lagafrumvarp, er þá verði lagt fyrir Alþingi, þar sem ákveðið sé um skipulag framkvæmda, stjórn, ábyrgð o. s. frv.

Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði. Ríkisstjórn er falið að aðstoða nefndina, svo sem verða má. Nefndin kys sér sjálf formann.

### **G r e i n a r g e r ð .**

Ísland hefur nú gerzt aðili að hjálparstofnun hinna sameinuðu þjóða. Sú siðferðislega skylda hvílir á oss Íslendingum, — ekki sízt þar sem vér erum eina Evrópuþjóðin, sem getur óskipt gefið sig að matarframleiðslu, — að gera allt, sem í voru valdi stendur, til þess að framleiða svo mikinn mat sem unnt er.

Íslenzka síldin er talin einhver næringarríkasta matvara, sem framleidd er. Í góðum síldarsumrum er hægt að veiða hér 2—3 milljónir hektólítra af síld. Það væri hart aðgöngu að verða að kasta mestallri söltunarhæfu síldinni í bræðslu næstu sumur, meðan Evrópuþjóðirnar skortir mat svo átakanlega, að hundruð þúsundir manna dæju úr hungri. Ef saltað væri eins mikið og söltunarhæft væri, mætti, ef síldin er góð, komast upp í það að salta jafnvel tvöfalt til þrefalt meira en saltað hefur verið mest áður á landi hér, en það munu hafa verið um 300 þúsund tonnur síldar.

Jafnvel þótt Íslendingar gætu framleitt allt að einni milljón tunna af síld, þá væri það ekki meira en Englendingar framleiddu af síld fyrir stríð.

Enginn efast um þörfina fyrir hina feitu, góðu Íslandssíld meðal hinna hungruðu þjóða Evrópu, þegar aðgangur opnast að þeim.

Hins vegar er vitanlegt, að það yrði að leggja mjög mikið af síldinni eftir á niður í dósir, til þess að geta flutt þær til þeirra staða, þar sem þörf er fyrir síldina, og ör-

uggast mundi að vera við því búinn að sjóða meiri hluta sildarframleiðslunnar niður í dósir. En til þess yrði að koma upp niðursuðuverksmiðjum hér í svo stórum stíl, að hægt væri að vinna úr t. d. 2000 tunnum sildar á dag. Það eykur mikið á þörfina á slíkum niðursuðuverksmiðjum hér, að að öllum líkindum verða t. d. öll frystihús — svo sem í Hamborg —, þau er áður tóku til geymslu útflutta matjessild vora, í rústum í stríðslokin.

Það hvílir sú skylda á hinni alþjóðlegu hjálparstofnun að aðstoða við skipulagningu matvælaframleiðslunnar. Það, sem Íslendingar þyrftu að fá af vélum, efni og verksmiðjuúthúnaði til þess að geta afkastað álíka mikilli sildarframleiðslu og t. d. Englendingar áður, er ekki svo mikið á alþjóðamælikvarða, að nokkur vandræði ættu að verða með það, ef hugur fylgir máli, bæði hjá oss og hjálparstofnuninni. Ísland mundi hins vegar með svona stórfelldri sildarframleiðslu vinna framleiðslustarf, sem væri stórvirki á sviði matvælaframleiðslunnar nú.

Rétt er og að athuga þá hlið málsins, sem snýr að framtíð sildarframleiðslunnar og alls atvinnulífs okkar. Ef Íslendingar gætu á næstu árum komið Íslandssildinni út til tuga milljóna af íbúum Evrópu, sem aldrei hafa þekkt hana áður, þá er ekkert líklegra en skapa mætti með því — í einu vefangi — stórfelldari og öruggari framtíðarmarkað fyrir þessa ágætu matvöru en vér ella hefðum getað unnið upp á mörgum árum og með ærnum kostnaði.

Rannsóknir í þessu efni þola enga bið.

Fyrsti fundur hinnar alþjóðlegu hjálparstofnunar mun verða haldinn í Washington í næsta mánuði. Það væri ánægjulegt fyrir Ísland að geta þá þegar boðizt til þess að vinna svona starf, ef skilyrði eru sköpuð til þess.

En strax og horfur væru á því, að mögulegt yrði að framkvæma þetta, þá þyrfti nefndin að semja lagafrumvarp um stjórn og allt fyrirkomulag þessa fyrirtækis, svo að engin töf yrði á framkvæmdum.